



Samráðsnefndir Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 30. september 2024
MSS23010102

Fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs með samráðsnefndum Reykjavíkurborgar

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 26. september sl., var samþykkt að fela mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að bjóða samráðsnefndum Reykjavíkurborgar; aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks, öldungaráði og fjölmeningarráði, á fund mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs í nóvember nk., sbr. 4. lið fundargerðar mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs sama dag.

Fundur með samráðsnefndum er í samræmi við aðgerð nr. 1.2.4. í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttis- og mannréttindamálum 2023 - 2026.

Áætlaður fundartími er fimmtudagurinn 28. nóvember frá kl. 13 – 16.

Fyrirkomulag fundar:

- Klukkutími af fundartíma áætlaður með hverri samráðsnefnd/ráðum.
- Lagt upp með að formaður hvernar samráðsnefndar/ráðum fari yfir helstu verkefni og áskoranir.
- Umræða í framhaldi með fulltrúum.

Óskað er eftir að erindið sé lagt fram á fundi samráðsnefnda/ráða til upplýsingar og umræðu.

Elísabet Pétursdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla



Reykjavík